

12. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands, haldinn þann 4. nóvember 2010, kl. 16.00, á skrifstofu FSÍ í Laugardal.

Mættir eru: Þorgerður Diðriksdóttir, formaður, Birna Björnsdóttir, varaformaður, Ragnheiður Thorlacius, ritari, Þóra Sigurðardóttir, gjaldkeri, Sólveig Jónsdóttir almannatengslafulltrúi og Hrund Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri.

Formaður setti fundinn.

Á dagskrá eru eftirfarandi mál:

1. Fundargerðir

Fundargerð 10. fundar frá 15. september og 11. fundar frá 26. október sl. samþykktar.

2. Bréf Guðjóns Guðmundssonar til stjórnar FSÍ.

Í bréfi Guðjóns til stjórnar, dags. 20. október sl., tilkynnir hann úrsögn úr stjórn FSÍ en hann var kosinn varamaður á síðasta ársþingi FSÍ.

Stjórn FSÍ þakkar Guðjóni vel unnin störf í þágu FSÍ og óskar honum velfarnaðar í framtíðinni.

3. Bréf stjórnar Stjörnunnar varðandi kostnað af þjálfun landsliðsliða á EM.

Bréfið, dags. 12. október sl., liggur frammi. Sólveig Jónsdóttir, sem sæti á í tækninefnd í hóp fimleikum, hefur rætt við formann fimleikadeildar Stjörnunnar um málið og mun stjórn FSÍ ekki hafa frekari afskipti af málinu. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna bréfrita um afgreiðslu málsins.

4. Þing FIG, Alþjóða fimleikasambandsins.

Af hálfu FSÍ sótti formaður þingið sem haldið var í Slóvakíu 29. október til 1. nóvember sl. Upplýsingar um fundinn verða aðgengilegar á heimsíðu FIG (fig-gymnastics.com). Varformaður FSÍ, sem sæti á í FIG-council, sótti einnig fundinn. Helstu mál þingsins voru lagabreytingar. Miklar umræður voru um dómgæslu. Næsta þing verður í Mexico 2012. Utan þingstarfa áttu formaður og varaformaður gagnlegar viðræður við ýmsa forsvarsmenn innan FIG, m.a. um möguleika FSÍ til styrkja vegna þátttöku í viðburðum erlendis og um námskeiðahald á vegum FIG.

5. Fundargerð ársþings FSÍ sem haldið var í Reykjavík 23. janúar sl.

Fundargerðin er lögð fram og stjórn felur framkvæmdastjóra að setja hana inn á heimasíðu FSÍ.

6. Ráðning verkefnisstjóra landsliða í áhaldafimleikum.

Fyrir fundinum liggur starfslýsing verkefnisstjóra landsliða karla og kvenna í áhaldafimleikum til kynningar. Starfið var auglýst laust til umsóknar á heimsíðu FSÍ. Davíð Ingason var ráðinn verkefnisstjóri og er ráðningartími hans frá 1. október 2010 til 30. september 2011.

7. Kynning á námskeiðahaldi fræðslunefndar FSÍ.

Fyrir fundinum liggur kostnaðaráætlun vegna toppþjálfaranámskeiða árin 2010-2011. Kl. 17.05 mætir á fundinn Hlín Bjarnadóttir, formaður fræðslunefndar. Formaður býður Hlín velkomna á fundinn. Hlín kynnir verkefni á vegum fræðslunefndar FSÍ, þ.m.t. fyrirhuguð toppþjálfaranámskeið 2010-2011.

Stjórn felur nefndinni að vinna áfram að skipulagningu toppþjálfaranámskeiðahaldi í samvinnu við framkvæmdastjóra. FSÍ þakkar Hlín fyrir greinargóðar upplýsingar og þakkar nefndinni fyrir kröftugt og gott starf. Kl. 17. 35 vikur Hlín af fundinum.

8. Breytt skráning hjá FIG.

Framkvæmdastjóri fer yfir breytingar á greiðslum félagsgjalda til FIG. Nú er greitt fyrir áhaldafimleika kvenna, áhaldafimleikar karla og almenna fimleika. Með breytingunum mun kostnaður FSÍ lækka.

9. Trúnaðarmál.

Erindi sem barst FSÍ afgangið sem trúnaðarmál. Framkvæmdastjóra falið að kynna bréfitara afgreiðslu erindisins.

10. Fundur ÍSÍ og formanna sérsambanda með mennta- og menningarmálaráðherra.

Fyrir fundinum liggur minnisblað af nefndum fundi sem fram fór í mennta- og menningarmálaráðneytinu þann 14. október sl. Formaður FSÍ sótti fundinn af hálfu sambandsins.

11. Nýtt húsnæði FIMAK á Akureyri

Stjórn FSÍ óskar Fimleikafélagi Akureyrar til hamingju með nýtt og glæsilegt húsnæði.

12. Heimsmeistaramótið í áhaldafimleikum.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að kalla eftir skýrslu frá tækninefnd kvenna og karla í áhaldafimleikum um mótið sem og frá fararstjóra.

13. Formannafundur FSÍ haldinn í Keflavík 18. september sl.

Lagt er fram minnisblað af fundinum. Stjórn þakka formönnum, framkvæmdastjórum og yfirþjálfurum fyrir gagnlegar og góðar umræður á fundinum. Stjórn þakka Keflavík fyrir aðstöðuna og góðar móttökur. Framkvæmdastjóra falið að senda formönnum áður nefnt minnisblað.

14. Mótahald í október.

Stjórn FSÍ þakkar fimleikafélaginu Björk og fimleikafélagi Akureyrar og öllum þeim sem komu að skipulagningu, undirbúningi og framkvæmd haustmóts í áhaldafimleikum karla og kvenna fyrir vel unnin störf. Stjórn þakkar sýnendum á sameiginlegri sýningu keppenda á Evrópumótinu í hópfimleikum og heimsmeistaramótinu í áhaldafimleikum fyrir glæsilega sýningu og fimleikadeild Stjórnunnar fyrir afnot af húsnæðinu.

15. Námskeið, afnot af húsnæði.

Stjórn FSÍ þakkar þeim félögum sem leyfðu afnot af húsnæði fyrir sérgreinanámskeið FSÍ í haust fyrir þeirra framlag.

16. Þátttaka í erlendum mótum og viðburðum í október.

Stjórn FSÍ óskar keppendum á erlendum mótum til hamingju með árangurinn. Stjórn þakkar þjálfurum, dómurum, fararstjórum og öllum þeim sem komu að undirbúningi liðanna fyrir óeigingjarnt starf. Um er að ræða eftirtalin mót: Norðurlandamót drengja í áhaldafimleikum 16 ára og yngri í Noregi, Golden age í Portúgal, Heimsmeistaramóti í áhaldafimleikum í Hollandi og Norður - Evrópumót í áhaldafimleikum í Finnlandi.

17. Trúnaðarmál.

Erindi sem barst FSÍ afgreitt sem trúnaðarmál. Framkvæmdastjóra falið að koma afgreiðslu málsins á framfæri við viðeigandi aðila.

Til kynningar:

- a. Formannafundur ÍSÍ verður haldinn föstudaginn 19. nóvember nk. í íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Formaður FSÍ mun sækja fundinn.
- b. Nýleg breyting (61/2010) á lögum um happadrætti nr. 38/2005.
- c. Ársskýrsla FIG.
- d. Breytingar á heiti Heimsbikaramótsins í áhaldafimleikum. World cup categori A verður áfram kallað World cup/heimsbikarmót. World cup categorie B verður framvegis kallað Challenger Cup.
- e. Bréf FIG council um endurnýjun Technical Regulations frá því í maí sl.

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 11.nóvember nk., kl. 16:00

Fundi slitið kl. 18.15.

Ragnheiður Thorlacius,
ritar fundargerð.